



Stjórn SSH

412. fundur

Mánudaginn 2. mars 2015, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur L. Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson.

Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. SORPA bs.

Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU bs. og Bjarni Torfi Álfþórsson stjórnarformaður mættu á fundinn undir þessum dagskrárlið og gerðu grein fyrir niðurstöðu Héraðsdóms frá 16. janúar 2015, og skýrðu þær forsendur sem lágu að baki ákvörðunar um að áfrýja niðurstöðunni til Hæstaréttar.

2. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi gögn:

- Uppfærður eignalisti vegna skíðasvæðanna með tillögu að skilgreindum eignarluta hvers sveitarfélags. Eignalistinn og skilgreining á eignahluta hvers sveitarfélags er unnin í samræmi við ákvæði í samstarfssamningi sveitarfélaganna frá 6. janúar 2014.
- Greinargerð forstöðumanns ÍTR um framkvæmd þjónustusamnings við ÍTR v. reksturs skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.
- Yfirlit yfir niðurstöðu reksturs og framkvæmda á skíðasvæðunum á árinu 2014

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögu vegna a) liðar, og undirritaði sérstaka yfirlýsingu því til staðfestingar.

3. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu

Á fundinn mætti undir þessum dagskrárlið Stefán Eiríksson formaður sérstakrar stjórnar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk sem skipuð var tímabundið á eigendafundi Strætó bs. 5. febrúar sl.

Stefán greindi frá starfi stjórnarinnar og þeim tillögum sem stjórnin er að leggja lokahönd á, og skilað verður til eigendavettvangs Strætó bs við starfslok stjórnarinnar 4. mars nk.

Umræður

Niðurstaða:

Boðaður hefur verið eigendafundur Strætó bs. föstudaginn 6. mars, og þar verða tillögur sérstöku stjórnarinnar til umfjöllunar og afgreiðslu, sem og ákvörðun um framhald máls.

4. Vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið

Hrafinkell Á. Proppé mætti á fundinn og gerði grein fyrir stöðu við lokafrágang tillögu að nýrri vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið, þ.m.t. úrvinnslu á þeim ábendingum og athugasemdum sem borist hafa.

Umræður



Niðurstaða:

Stjórn leggur áherslu á að málið verði unnið til enda eins markvisst og unnt er þannig að ekki verði tafir á afgreiðslu og staðfestingu tillögunnar.

5. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – staða og framvinda

Hrafnkell Á. Proppé gerði grein fyrir eftirfarandi:

- a) Vinnu við mótun 4 ára þróunaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi tillögu að nýju svæðisskipulagi.
- b) Stöðu vinnu svæðisskipulagsnefndar vegna innkominna umsagna og athugasemda í kjölfar auglýsingar á svæðisskipulagstillögunni, og áætlað tímaplan vinnu héðan í frá.
- c) Drög að samstarfssamningi milli SSH og Vegagerðarinnar vegna sameiginlegrar úrvinnslu á þáttum sem lúta að verkefnum sem tilgreind eru í fylgiriti VI með svæðisskipulagstillögunni.

Umræður

Ármann Kr. Ólafsson vakti máls á umfjöllun um Kópavogsgöng í fylgiskjali með samningsdrögunum og óskaði eftir því að farið yrði yfir málið m.t.t. þess að göngin yrðu tekin út úr fylgiskjalinu.

Niðurstaða:

- a) Samningsdrögin verða tekin til frekari umfjöllunar á næsta stjórnarfundum SSH.
- b) Stjórn leggur áherslu á að hraðað verði, svo sem kostur er, lokafrágangi og afgreiðslu á fyrirliggjandi tillögu að nýju svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið.

Þar sem ofangreind mál tóku allan þann tíma sem ætlaður var fyrir þennan stjórnarfund var öðrum málum sem voru á dagskrá fundarins frestað, og ákveðið að halda annan stjórnarfund föstudaginn 6. mars til að ljúka afgreiðslu þeirra.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05